

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar - júní 2002

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins. Uppgjörið hér á eftir sýnir sjóðhreyfingar og er sambærilegt við almenn sjóðstreymisfirlit. Tölurnar eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 7,7 milljarða króna samanborið við 1,6 milljarða á sama tíma í fyrra. Þetta er tæplega 4 milljörðum króna lakari útkoma en gert var ráð fyrir í fjárlögum sem alfarið stafar af viðbótarútgjöldum. Helstu skýringar á auknum útgjöldum eru auknar vaxtagreiðslur vegna forinnlausnar spariskírteina, áhrif aðgerða stjórnvalda til að halda aftur af verðbólgu í tengslum við framlengingu kjarasamninga á almenna markaðnum, auknar greiðslur til sjúkrahúsa og hjúkrunarheimila, greiðslur til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna uppóta á lífeyri, aukin framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna aukins atvinnuleysis og sömuleiðis til Abyrgðarsjóðs launa til greiðslu launa vegna gjaldþrota. Rétt er að vekja athygli á að verulegur hluti af viðbótarútgjöldunum kemur einungis fram á greiðslugrunni en hefur ekki áhrif á fjárlög ársins sem eru á rekstrargrunni. Hreinn lánsfjárfnuður var neikvæður um 4,3 milljarða, samanborið við 3,7 milljarða á sama tíma í fyrra.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-júní (Í milljónum króna)

	<u>1998</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Innheimtar tekjur.....	79.278	90.554	100.720	107.929	113.244
- Sala eigna.....	648	395	0	3	39
Greidd gjöld.....	75.713	81.929	90.079	109.578	120.944
Handbært fé frá rekstri.....	2.917	8.230	10.641	-1.650	-7.739
Fjármunahreyfingar.....	2.960	-2.702	2.523	-2.018	3.397
Hreinn lánsfjárfnuður.....	5.877	5.529	13.165	-3.669	-4.343
Afborganir lána.....	-7.459	-18.063	-20.556	-21.982	-19.484
Innanlands.....	-7.267	-8.392	-11.748	-7.229	-9.344
Erlendis.....	-192	-9.671	-8.808	-14.753	-10.140
Greiðslur til LSR og LH.....	0	-1.084	-3.000	-7.500	-4.500
Lánsfjárfnuður, brúttó.....	-1.582	-13.619	-10.390	-33.152	-28.327
Lántökur.....	8.438	8.646	9.473	31.359	24.892
Innanlands.....	13.603	-484	2.100	10.537	6.936
Erlendis.....	-5.165	9.130	7.373	20.822	17.956
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	6.856	-4.972	-919	-1.792	-3.435

Heildartekjur ríkissjóðs námu 113 milljörðum króna og hækka um 5,3 milljarða frá fyrra ári, eða um tæplega 5%. Skatttekjur ríkissjóðs hækka heldur minna, eða um 4½%. Til samanburðar má nefna að almennar verðlagsbreytingar námu um 7% á þessu tímabili og því ljóst að áfram gætir nokkurs samdráttar í efnahagslífinu á fyrri hluta ársins. Hins vegar staðfesta þessar tölur áframhald þróunar undanfarinna mánuða um að samdrátturinn sé í rénun. Til marks um þetta má nefna að tekjur af virðisaukaskatti á fyrri hluta ársins aukast um ½% að raungildi samanborið við 7% raungildislækkun á sama tíma í fyrra.

Tekjur ríkissjóðs janúar-júní
(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Skatttekjur í heild.....	93.815	99.850	104.303	16,7	12,2	6,4	4,5
Skattar á tekjur og hagnað.....	28.897	34.539	35.990	17,3	20,2	19,5	4,2
Tekjuskattur einstaklinga.....	20.816	23.671	26.784	12,7	14,5	13,7	13,2
Tekjuskattur lögaðila.....	4.279	5.981	3.519	46,1	25,7	39,8	-41,2
Skattur á fjármagnstekjur.....	3.802	4.887	5.687	20,6	55,5	28,5	16,4
Tryggingagjöld.....	9.218	10.026	11.145	9,3	10,5	8,8	11,2
Eignarskattar.....	4.462	5.219	5.099	8,6	9,1	17,0	-2,3
Skattar á vöru og þjónustu.....	51.008	49.775	51.840	18,7	8,4	-2,4	4,1
Virðisaukaskattur.....	32.838	32.559	35.072	20,7	12,3	-0,8	7,7
Aðrir óbeinir skattar.....	18.170	17.218	16.766	15,6	2,2	-5,2	-2,6
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.751	1.718	1.424	38,0	-7,9	-37,5	-17,1
Vörugjöld af bensíni.....	3.743	3.572	3.494	2,4	15,6	-4,6	-2,2
Þungaskattur.....	1.859	2.079	1.953	10,3	-3,9	11,8	-6,1
Áfengisgjald og hagn. ÁTVR.....	4.147	3.868	3.945	7,8	3,6	-6,7	2,0
Annað.....	5.670	5.981	5.950	22,6	0,9	5,5	-0,5
Aðrir skattar.....	158	294	232	-27,0	88,1	34,8	8,9
Aðrar tekjur.....	6.907	8.077	8.941	-2,5	-0,7	16,9	10,7
Tekjur alls.....	100.720	107.929	113.244	15,0	11,2	7,2	4,9

Greidd gjöld nema 120,9 milljörðum króna og hækka um tæpa 11,4 milljarða frá fyrra ári, eða 10,4%. Útgjöld til félagsmála eru 71,9 milljarðar og vega tæp 60% af heildarútgjöldum ríkissjóðs. Þar munar mestu um heilbrigðismál, eða 30,1 milljarð sem hækka um tæplega 3,7 milljarða króna frá fyrra ári. Þá hækka greiðslur til almennrar stjórnsýslu um 1,8 milljarða og til fræðslumála um 1,3 milljarða. Almannatryggingar hækka um tæpa 1,7 milljarða. Greiðslur til atvinnumála í heild hækka um 3,6% þar sem hækkun útgjalda til samgöngumála um 9,5% vegur þyngst á móti lækkun til landbúnaðarmála. Vaxtagreiðslur hækka um tæpar 950 milljónir, eða sem nemur 7,7% milli ára.

Á árinu var tekið erlent langtímalán að fjárhæð 21,6 milljarðar króna. Ætlunin er að auka vægi langtímalána og því er gert ráð fyrir að erlent skammtímalán fari lækkandi á næstu mánuðum og hefur verið greitt niður af erlendum skammtímalánum fyrir um 3,7 milljarða króna það sem af er árinu. Lántökur innanlands námu 7 milljörðum króna. Á móti lántökum vega afborganir að fjárhæð 19,5 milljarðar þar sem rúmlega 10 milljarðar króna fóru til greiðslu erlends langtímaláns og 9,3 milljarðar króna í afborganir og forinnlausn spariskírteina. Þá voru 4,5 milljarðar greiddir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs. Greiðsluafkoma ríkissjóðs var neikvæð um 3,4 milljarða króna, samanborið við 1,8 milljarð á sama tíma í fyrra.

Gjöld ríkissjóðs janúar-júní (Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári. %						
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>
Almenn mál.....	10.966	11.157	12.973	9,8	19,3	1,7	16,3
Almenn opinber mál.....	6.119	6.056	7.393	11,5	19,6	-1,0	22,1
Löggæsla og öryggismál.....	4.848	5.102	5.579	7,7	19,0	5,2	9,3
Félagsmál.....	53.195	64.116	71.858	9,2	5,5	20,5	12,1
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	12.826	14.850	16.609	9,7	7,6	15,8	11,8
Heilbrigðismál.....	22.176	26.476	30.141	11,7	6,8	19,4	13,8
Almannatryggingamál.....	15.025	19.144	20.799	5,5	0,8	27,4	8,6
Atvinnumál.....	13.467	16.636	17.243	8,1	5,0	23,5	3,6
Þar af: Landbúnaðarmál.....	4.498	5.734	5.564	6,1	1,6	27,5	-3,0
Samgöngumál.....	5.223	6.535	7.153	10,3	7,0	25,1	9,5
Vaxtagreiðslur.....	8.961	12.341	13.288	0,7	30,4	37,7	7,7
Aðrar greiðslur.....	3.487	5.335	5.581	6,2	33,8	53,0	4,6
Greiðslur alls.....	90.079	109.578	120.944	8,2	9,9	21,6	10,4